

FUNDARGERÐ

449. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 17. september 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn auk Sveins Þórðarsonar varamanns sem mætir í stað Þórhildar Jónsdóttur. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Varaoddviti, Sif Hauksdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

Varaoddviti leggur til að á dagskrá verði tekið bréf Betri byggðar dags. 16. september 2009 undir lið II-4. Samþykkt. Einnig minnisblað varðandi samstarf sveitarfélaga austan Þjorsár undir lið III-7. Samþykkt.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

- 1. Fundargerð 161. fundar fræðslunefndar frá 8. september 2009.**
Fundargerðin samþykkt.
- 2. Fundargerð 157. fundar rekstrarnefndar frá 9. september 2009.**
Fundargerðin samþykkt.
- 3. Fundargerð 164. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 15. september 2009.**
Fundargerðin samþykkt.

Sveinn P, Sif og Sveinn Þ. leggja fram bókun:

Við vísum í bókun Sveins P. og Sifjar frá fundi sveitarstjórnar frá 18. mars og hörmum að skipulags- og byggingarnefnd skuli ekki hafa tekið tillit til röksemda lögboðinna umsagnaraðila sem lýsa efasemdum um veglínu stofnvegjar um Mýrdal sem er til umfjöllunar í tillögu að aðalskipulagi. Hins vegar er brýnt að nýtt aðalskipulag taki gildi sem fyrst og við samþykkjum því að tillagan sé send Skipulagsstofnun til athugunar.

B-listinn óskar eftir fundarhléi og leggja fram tillögu:

Fulltrúar B-listans leggja til að frestað verði að senda tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps til Skipulagsstofnunar og hún tekin til afgreiðslu þegar oddviti Mýrdalshrepps sitji fund. Hér er um gríðarlega veigamikil mál að ræða og margoft hefur verið greitt atkvæði um framtíðar veglínu um Mýrdal í sveitarstjórn Mýrdalshrepps.

D-listinn óskað eftir fundarhléi.

Tillaga B-listans er felld með 3 atkvæðum (SP, SH, SÞ) gegn 2 (EE, KP).

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

- 1. Bréf frá stjórn átaksverkefnis vegna Geopark.**
Stjórnin leggur til að sveitarfélögin sem hafa aðkomu að verkefninu skipi hvert um sig tvo fulltrúa í undirbúningshóp sem skoði nánar kosti og galla þess að stofna svokallaðan Jarðgarð, Geopark á svæðinu. Lagt er til að annar fulltrúinn komi úr röðum sveitarstjórnarmanna og hinn úr röðum ferðaþjónustuaðila.
Sveitarstjórn þakkar stjórn átaksverkefnisins og skipar Sif hauksdóttur og Sigurð Elías Guðmundsson fulltrúa Mýrdalshrepps í vinnuhópinn.
- 2. Bréf Þórðar Magnússonar og Guðmundar M. Björgvinssonar vegna Ketilsstaðaskóla.**
Sveitarstjórn er með málefni Ketilsstaðaskóla í athugun sbr. lið II-4 á fundi 448 og tekur erindi bréfitara til skoðunar í þeirri vinnu.
Sveitarstjóra falið að bjóða forsvarsmönnum félaga í gamla Dyrhólahreppi til fundar með sveitarstjórn um málið.

3. Bréf Landssambands Slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna dags. 11. september 2009.

Sótt er um styrk vegna Eldvarnarátaksins 2009.
Samþykkt að veita styrk kr. 10.000,-.

4. Bréf stjórnar Betri byggðar dags. 16. september 2009.

Stjórn Betri byggðar leggur fram 500-600 þúsund kr. og óskar eftir að Mýrdalshreppur leggi jafnt á móti. Peningunum yrði varið í tilraunasjóvörn vestan Víkurár og vestur með sjávarkambi eins langt og peningar dygðu. Grjót verði tekið austan Víkurklets.

Sveitarstjórn samþykkir að leggja 1 m.kr. til verksins. Nánari útfærsla og staðsetning grjótnáms verði skoðuð í samvinnu Betri byggðar og Mýrdalshrepps.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Ársþing SASS.

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verður á Hornafirði 15. – 16. október n.k. Sif Hauksdóttir og Elín Einarsdóttir fara með atkvæði Mýrdalshrepps á þinginu, Sveinn Þórðarson og Karl Pálmason til vara.

2. Háhraðanet.

Fyrir liggur að fyrirtækið eMax hefur sagt upp þjónustu við viðskiptavinum sína í ytri hluta Mýrdalshrepps.

Sveitarstjóra er falið að leita samninga við Símann um uppsetningu ADSL-stöðvar í sírstöð við Pétursey í samræmi við fyrirliggjandi hugmyndir.

3. Green Globe.

Fyrirliggur fundargerð aðalfundar Green Globe 21 í Rangárvalla – og Vestur-Skaftafellssýslu frá 15. apríl 2009 ásamt skýrslu stjórnar. Á fundinum var samþykkt að setja verkefnið í bið vegna breyttra forsendna.

Lagt fram til kynningar.

4. Bréf fjárlaganefndar Alþingis dags. 28. ágúst 2009.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir fjárfundi 29. september nk. Sveitarstjóra falið að útbúa gögn og umsóknir í samræmi við umræður á fundinum.

5. Reynisfjall.

Sveitarstjórn samþykki að nýta ekki forkaupsrétt að Lóranstöðinni á Reynisfjalli og staðfestir fyrirliggjandi samning um niðurfellingu ákvæða um undanþágu frá fasteignaskatti sem voru í eldra afsali frá 1979.

6. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009, seinni umræða.

Skv. fyrirliggjandi áætlun er gert ráð fyrir að útsvarstekjur verði um 10% hærrí en ráð var fyrir gert og horfur á að rekstrarniðurstaða verði við núllið. Gert er ráð fyrir 40 millj. kr. lántöku til að fjármagna borun eftir heitu vatni í Vík. Gert er ráð fyrir að handbært fé verði um 25 millj. kr. í árslok.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi áætlun nema lið 31-4970 sem er samþykktur með 3 atkvæðum (SP, SH, SÞ) gegn 2 (EE, KP).

B-listinn leggur fram bókun:

Fulltrúar B-listans samþykkja fyrir sitt leyti endurskoðaða fjárhagsáætlun að frátöldum lið 31-4970 í fjárhagsáætlun fyrir Leikskólann Suður-Vík þar sem áætluð er 1.6 milljónir til þess að útbúa nýja kennslustofu í áhaldahúsinu. Fulltrúar B-listans ítreka bókun sína frá 420. fundi, 20/12 2007 en þar segir m.a; Varðandi framkvæmdir við áhaldahús árétta B-listinn að hann samþykkir ekki uppbyggingu leikskólastofu í áhaldahúsinu í Suður - Vík. Frekari uppbygging leikskóla verði hugsuð til framtíðar við hlið grunnskólans. Núverandi húsnæði leikskólans er ekki húsnæði til framtíðar. Húsnæðið er t.a.m. óboðlegt fölluðum nemendum og starfsmannaaðstaða nánast

enginn. B-listinn telur tímabært að hugað verði að undirbúningshönnun vegna byggingar nýs leikskóla við Mánabraut.

D-listinn leggur fram bókun:

Við minnum á tillögu D-listans frá 18. mars sl. þar sem fram kemur að þegar leik-, grunn- og tónskóli hafi verið sameinaðir skuli hafist handa við hönnun húsnæðis skólanna og stefnt að því að öll starfsemi þeirra verði komin á sama stað innan fárra ára. Upphæðinni sem þarf til að innrétta kennslurýmið við núverandi húsnæði er vel varið í þágu leikskólabarna og starfsfólks og á ekki að teyja undirbúning nýbyggingar.

7. Samstarf sveitarfélaga austan Þjórsár.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá fundi nokkurra forsvarsmanna sveitarfélaga á Suðurlandi austan Þjórsár þar sem velt var vöngum yfir hugsanlegum áhrifum nýrrar Landeyjarhafnar. Lagt er til við sveitarfélögin að þau stofni með sér formlegan stýrihóp til að skoða möguleika á auknu samstarfi.

Sveitarstjórn skipar Sveinn Pálsson í stýrihópinn og Elínu Einarsdóttur til vara.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 37. fundar barnaverndarnefndar frá 26. ágúst 2009.
2. Fundargerð 426. fundar stjórnar SASS frá 11. september 2009.
3. Fundargerð 286. fundar stjórnar APS frá 9. september 2009.
4. Fundargerð 115. fundar stjórnar SKS frá 10. september 2009.

V. Annað kynningarefni

1. Upplýsingamiðstöð – starfsskýrsla 2009.
2. Menntaþing 25. september 2009.
3. Ályktun stjórnarfundar Betri byggðar frá 27. ágúst 2008.
4. Bréf Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskertra og daufblindra.
5. Bréf Evrópuskrifstofunnar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

Sif Hauksdóttir
varaoddiviti

Sveinn Þórðarson

Elín Einarsdóttir

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri

Karl Pálmason